

Grunnskólinn á Ísafirði

júní 2026

Lokaskýrsla innra mats og umbótastarfs



Ábyrgðarmaður:

Helga S. Snorradóttir

júní 2026

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Mat umbóta frá fyrra ári.....	3
3. Langtímaáætlun innra mats	5
4. Matsþættir skólaársins	6
5. Matsleiðir og val matstækja	7
6. Framkvæmd matsins	7
7. Helstu niðurstöður	8
Rödd nemenda	8
Gæði kennslu	9
Námsárangur og námsmat	10
Tengsl og samstarf við nemendur og á milli nemenda	11
Upplýsingamiðlun og samskipti	11
Mannauðsstjórnun.....	12
Skipulag skólastarfsins.....	13
Farsæld barna	13
8. Samantekt og umbótaáætlun	14

1. Inngangur

Innra mat skólans er liður í lögbundinni skyldu hans til að tryggja markvissa og kerfisbundna þróun skólastarfs. Markmið innra mats er að afla áreiðanlegra gagna um starfshætti, árangur og líðan, greina styrkleika og tækifæri til umbóta og leggja grundvöll að markvissri umbótaáætlun.

Í Grunnskólanum á Ísafirði eru 414 nemendur í 1. – 10. bekk og tæplega 80 starfsmenn. Mat þetta nær til skólaársins 2025-2026 og byggir á fyrirfram skilgreindri langtímaáætlun um innra mat. Við framkvæmd matsins var lögð áhersla á gagnsæi, þátttöku ólíkra hagsmunaaðila og notkun fjölbreyttra gagnaöflunarleiða til að tryggja heildstæða og trausta niðurstöðu.

2. Mat umbóta frá fyrra ári

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2025-2026 voru þessir þættir:

Að auka gæði lesturs

- Læsisteymi dró vagninn í þessum þætti og leiddi innleiðingu á Læsis smáforriti fyrir foreldra til að valdefla heimilin. Einnig samdi teymið heimalestrarstefnu sem tók gildi 1. apríl 2026 til æfingar, en keyrð af afli næsta vetur. Lestur og hlustun er í boði sem valgrein á miðstigi en mætti gjarnan vera vinsælli. Þá var einnig boðið upp litlu og stóru upplestrarkeppnina í 4. og 7. bekk, auk spurningakeppni á miðstigi úr ákveðnum bókum. Íslenskuteymið bauð upp á orð, orðtök og málshætti mánaðarins sem var vel auglýst í bekkjum, þar sem nemendur spreyttu sig á ákveðnum orðum þann mánuðinn og gafst það vel.

Staða: Þessi matsþáttur er í góðum farvegi og verður efldur áfram næsta vetur með eftirfylgni heimalestrarstefnunnar og Læsisappinu.

Að minnka hávaða og ókurteisi

- Hér var einkum tekið á hávaða og ókurteisi í matsal. Gæsla var aukin með fjölgun kennara fram að áramótum og tekið upp á því að raða nemendum yngsta stigs í matsalinn og var það afar árangursríkt. Nú á vordögum voru settar hljóðdempandi plötur á vegg matsalarins sem eiga vafalaust eftir að draga verulega úr endurkasti hljóðs.

Þá var einnig boðið upp á fund með foreldrum 5. og 6. bekkjar með verkefnastjóra farsældar, sem bar yfirskriftina samtal um samstöðu og uppeldi. Á þeim fundi var rætt um leiðir að markmiðum og samstöðu innan hópsins.

Staða: Þessi matsþáttur er í góðum farvegi og verður vonandi mikill árangur af hljóðdempandi plötunum sem verið er að setja upp í matsal.

Að nemendum líði vel innan veggja skólans og fái verkfæri til að geta það

- Boðið var upp á tíma hjá listmeðferðarfræðingi í sjálfstyrkingu, bæði hópa- og einstaklingstíma í 8.bekk. Innleiðingarteymi farsældar hefur mótað nýtt verklag sem hefur verið í stöðugri þróun og boðið foreldrum upp á fræðslu. Með samþættri þjónustu hefur samstarf skóla, heilsugæslu og barnaverndar eflst til muna og auðvelda lögin samstarf um snemmtæka íhlutun. Næstu skref eru fræðslufundir um farsældarlögin fyrir starfsfólk skóla strax á starfsdögum í ágúst 2026. Mikið þúður fór í nemendaping um líðan og velferð nemenda og sú vinna afar góð.

Staða: Það markmið að nemendum líði vel er í stöðugri vinnslu, en með farsældarlögunum fá nemendur verkfæri með því að hafa aðgang að tengiliðum í skólanum og eru þeir auglýstir á veggjum skólans. Tengiliðir farsældar voru 9 talsins í vetur. Einnig er samantekt nemendapings áberandi á öllum göngum skólans, en þar var mikil vinna lögð í líðan og hegðun.

Virkara námsmat/símat og markvissari endurgjöf

- Minnt var endurtekið á mikilvægi símats á kennarafundum og deildafundum í vetur. Við störfum í anda leiðsagnarnáms og því þarf námsmat að vera gegnsætt og leiðbeinandi.

Staða: Þessi þáttur er í stöðugri vinnslu og verður aldrei fullunninn.

Viðhalda og efla samstarf við heimili

- Því miður náðist ekki að fá bekkjafulltrúa í öllum bekkjum í vetur. Foreldrafélagið er þó virkt og kom til fundar við stjórnendur og er með virka Facebook síðu. Upplýsingar til heimila eru í góðum farvegi með vikupóstum í 1. – 7. bekk og eftir þörfum á unglingastigi. Heimasíða skólans er vel virk og mun ný síða verða opnuð innan skamms. Facebook síða skólans verður æ vinsælli með árunum og góður vettvangur til að ná til flestra, innan ramma persónuverndarlaga.

Staða: Með auknu símati og gegnsæi námsframvindu sem er í vinnslu ásamt heimalestrarstefnu og Læsis appi verður skerpt á samstarfi á komandi ári. Á fundi verkefnastjóra farsældar með foreldrum barna í 5. og 6. bekk kom fram vilji til að fá fulltrúa frá Heimili og skóla vestur varðandi sáttmálavinnu í árgöngum og er það kjörið næsta vetur.

3. Langtímaáætlun innra mats

Skólinn starfar samkvæmt langtímaáætlun innra mats sem nær yfir fjögur skólaár. Áætlunin kveður á um skipulega yfirferð allra meginþátta skólastarfsins, þannig að tryggt sé að allir matsþættir séu metnir með reglubundnum hætti.

Á skólaárinu 2025-2026 var unnið samkvæmt áætluninni og lagður sérstakur fókus á þá matsþætti sem fyrirfram höfðu verið skilgreindir fyrir árið. Með þessum hætti er stuðlað að samfelli, yfirsýn og markvissri framvindu umbótastarfs.

MATSPATTUR		2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Tækjabúnaður og námsgögn	Násumhverfi og aðbúnaður	×	×	×	✓
Skipulag húsnæðis og vinurými nemenda	Násumhverfi og aðbúnaður	×	×	×	✓
Rödd nemenda	Nám og kennsla	✓	×	✓	×
Gæði kennslu	Nám og kennsla	✓	✓	✓	×
Námsárangur og námsmat	Nám og kennsla	✓	✓	✓	×
Inntak náms og námskrá	Nám og kennsla	×	×	×	✓
Mannauðsstjórnun	Stjórnun og fagleg forysta	✓	✓	✓	✓
Innra mat og umbætur	Stjórnun og fagleg forysta	×	✓	×	×
Stefna og framtíðarsýn	Stjórnun og fagleg forysta	×	×	×	✓
Skipulag skólastarfsins	Stjórnun og fagleg forysta	✓	×	×	✓
Lærdómssamfélag og fagmennska	Stjórnun og fagleg forysta	×	×	✓	×
Oryggi - velferð og líðan nemenda	Skólabragur og foreldrasamstarf	×	×	×	✓
Tengsl við nærsamfélagið og aðra	Skólabragur og foreldrasamstarf	×	✓	×	×
Foreldrasamstarf	Skólabragur og foreldrasamstarf	×	✓	×	×
Viðmót og menning	Skólabragur og foreldrasamstarf	×	✓	×	×
Tengsl og samstarf við nemendur og milli nemenda	Skólabragur og foreldrasamstarf	✓	✓	✓	×
Upplýsingamiðlun og samskipti	Skólabragur og foreldrasamstarf	✓	×	✓	×
Farsæld barns	Annað	✓	×	✓	×

4. Matsþættir skólaársins

Á grundvelli langtímaáætlunar voru neðangreindir matsþættir teknir til formlegs mats á skólaárinu. Við val matsþátta var horft til stefnu skólans, fyrri niðurstaðna innra og ytra mats, sem og áherslna stjórnvalda og eigenda. Markmiðið var að beina sjónum að lykilþáttum sem hafa bein áhrif á gæði náms, kennslu og velferðar.

MATSPATTUR		2025-2026
Rödd nemenda	Nám og kennsla	✓
Gæði kennslu	Nám og kennsla	✓
Námsárangur og námsmat	Nám og kennsla	✓
Tengsl og samstarf við nemendur og milli nemenda	Skólabragur og foreldrasamstarf	✓
Upplýsingamiðlun og samskipti	Skólabragur og foreldrasamstarf	✓
Mannauðsstjórnun	Stjórnun og fagleg forysta	✓
Skipulag skólastarfsins	Stjórnun og fagleg forysta	✓
Farsæld barns	Annað	✓

5. Matsleiðir og val matstækja

Við matið var beitt fjölbreyttum og viðurkenndum matsleiðum til að tryggja breiða og áreiðanlega gagnaöflun. Val matstækja tók mið af eðli matsþátta og þeim hópum sem hlut eiga að máli. Við úrvinnslu gagna var stuðst við bæði meginlegar og eigindlegar aðferðir. Leitast var við að samþætta niðurstöður ólíkra gagnaheimilda til að fá heildstæða mynd af stöðu hvers matsþáttar.

Notuð voru eftirfarandi matstæki:

Foreldrakönnun starfsmannakönnun – nemendakannanir – starfsmannasamtöl – nemendaþing – matsferill – fundir í skólaráði og nemendaráði – fagfundir kennara – talnalykill – fundir með stuðningsfulltrúum – fundir með skólaliðum – fundir með kennarateymum – fundur í öryggisnefnd skólans – fundur með stjórn foreldrafélags – fundur um nýja menntastefnu – skýrsla frá verkefnastjóra farsældar – tengslakannanir.

Þau kerfi sem notuð voru til úrvinnslu gagna voru Meta Geta gæðakerfið sem heldur utan um skipulag, framkvæmd og skráningu innra mats og umbótastarfs skólans, ásamt Skólapúlseinum og Matsferli.

6. Framkvæmd matsins

Ábyrgð á framkvæmd innra mats var í höndum gæðateymis skólans, sem skipað var Helgu S. Snorradóttur, fulltrúa stjórnenda, Árna Heiðari Ívarssyni og Solveigu Eddu Vilhjálmsdóttur, fulltrúum kennara ásamt Ingu Báru Þórðardóttur, námsráðgjafa. Haldnir voru 7 formlegir fundir gæðateymis þar sem unnið var að undirbúningi, gagnaöflun, greiningu og mótun umbóta. Framvinda og áherslur matsins var kynnt á fundi með öllum starfsmönnum skólans á starfsdegi í janúar. Einnig komu að matinu teymi kennara sem fengust við ýmsa þætti matsins ásamt nemendaráði skólans.

Gagnaöflun fór fram jafnt og þétt yfir skólaárið og var þátttaka allra hópa tryggð, þ.e. foreldra, nemenda og starfsfólks, auk funda í skólaráði þar sem fulltrúi grenndarsamfélagsins á sæti ig voru viðfangsefni innra matsins kynnt á fundum skólaráðs. Við framkvæmd matsins var lögð áhersla á fagleg vinnubrögð, trúnað og vandaða skráningu upplýsinga.

7. Helstu niðurstöður

Niðurstöður gæðamats skólans skólaárið 2025-2026 sýna ýmsa styrkleika en einnig tækifæri til umbóta í skólastarfinu.

Rödd nemenda

Auk kannana, viðtala og funda var mikið lagt í sjöunda nemendaping skólans, sem var haldið 27.janúar 2026 og var viðfangsefnið líðan og hegðun. Í fyrsta skipti í sögu nemendapinganna tók allur skólinn þátt frá 1.bekk og upp úr, en hingað til hefur yngsta stigið ekki verið með. Það reyndi því enn frekar á unglingana okkar að leiðbeina þeim yngstu og fá fram svörun frá öllum. Nemendum skólans var skipt í 14 hópa á hverju stigi, eða samtals 42 hópa og komu hópstjórar úr 7. - 10. bekk. Einkunnarorð skólans eru virðing, samhugur og menntun og var það kjarninn í umræðunum. Hópstjórar hófu starfið með því að lesa úr barnasáttmálanum um réttindi barna, þar sem segir að börn eigi rétt á því að tjá sig frjálsglega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og að fullorðnir eigi að hlusta og taka mark á þeim.

Út úr nemendapingi sem þessi fást ekki útreiknaðar niðurstöður en vinnan sem fram fór í hópunum er ómetanleg, þar sem allir nemendur höfðu rödd, sem hefur jákvæð áhrif á skólastarfið. Í samantektinni kemur fram hvaða þættir hafa helst áhrif á líðan og hvað hver og einn getur gert til að stuðla að betri líðan annarra. Þau atriði sem eru innrömmuð á hverju spjaldi eru þau sem nemendur nefndu oftast og finnst mikilvægust.



Rödd nemenda fékk einnig að hljóma í nemendaráði sem fundaði nokkrum sinnum í vetur með skólastjórnendum. Í nemendaráði sátu tveir nemendur úr hverjum bekk í 5. – 10. bekk. Tveir þeirra voru svo fulltrúar nemenda í skólaráði.

Leitað var til nemenda með hugmyndir að yfirskrift áhrshátíðar og vann nemendaráð úr hugmyndum. Alltaf er leitast eftir að heyra rödd nemenda varðandi ákvarðanir í skólastarfinu til að stuðla að lýðræðislegum ákvörðunum.

Gæði kennslu

Í könnun sem send var á foreldra komu eftirfarandi niðurstöður fram sem sýna styrkleika varðandi gæði kennslu.



3.78 | Fullnægjandi

Vaxtarhugarfar og væntingar nemenda um námsárangur



3.56 | Fullnægjandi

Námsárangur



3.69 | Fullnægjandi

Fjölbreytt og lýsandi leiðsagnarmat



3.77 | Fullnægjandi

Stuðningur til að ná hámarksárangri



3.66 | Fullnægjandi

Framfarir allra nemenda



4.33 | Til fyrirmyndar

Endurgjöf og bekkjarstjórnun



3.33 | Fullnægjandi

Fjölbreyttir og einstaklingsbundnir kennsluhættir



4.13 | Til fyrirmyndar

Námsaðlögun



3.46 | Fullnægjandi

Skipulag og lausn ágreinings



4.27 | Til fyrirmyndar

Tengsl umsjónarkennara og nemenda



3.23 | Fullnægjandi

Frumkvæði og ábyrgð nemenda á eigin námi



3.86 | Fullnægjandi

Ábyrgð nemenda á skólabrag og virðingu og tillitssemi


Námsárangur og námsmat

Samkvæmt niðurstöðum Lesfimiþrófa MMS í maí 2026 fá allir árgangar skólans mælitölu 9 út úr því prófi, þar sem landsmeðaltal er 10. Frammistaða nemenda á lesfimiþrófi telst í neðra meðallagi miðað við jafnaldra. Fylgjast þarf áfram með þróun lestrarfærni þeirra og efla í samræmi við stigþyngjandi viðfangsefni í námi. Fylgjast þarf sérstaklega með framvindu lestrarnáms hjá nemendum í neðra meðallagi (mælitölur 8 og 9) þar sem þeir eru á mörkum að búa yfir fullnægjandi færni.

Lesskilningur (3/2026)

Árgangar Landið


Hlutföll nemenda á mælitölubílum



Stærðfræði (3/2026)

Árgangar Landið

Hlutföll nemenda á mælitölubílum



Samkvæmt lesskilningsprófum Matsferils eru 12% nemenda G.Í. yfir landsmeðaltali, 54% við meðaltal og 34% undir meðaltali. Miðað við landsmeðaltal eru of margir undir meðaltali og vantar okkur fleiri nemendur yfir meðaltali.

Samkvæmt stærðfræðiprófum Matsferils eru 10% nemenda G.Í. yfir landsmeðaltali, 50% við meðaltal og 40% undir meðaltali. Miðað við landsmeðaltal eru of margir undir meðaltali og vantar okkur fleiri nemendur yfir meðaltali.

Í vetur tóku nemendur 8. og 9. bekkjar þátt í Pangea stærðfræðikeppni sem er fyrir alla nemendur áttundu og níundu bekkja grunnskóla landsins. Aðalmarkmið keppinnar er að vekja áhuga hjá ungu fólki á stærðfræði, hvetja þau sem halda að stærðfræði sé of erfið til dæða með því að sýna þeim að þau geti afrekað miklu ef þau reyna, og hvetja efnilegustu nemendurnar til áframhaldandi afreka. Tveir nemendur skólans komust í úrslit í þessari keppni og náði annar þeirra 2.sætinu.

Talnýllykill var lagður fyrir í 3. og 6. bekk. Mælitölur prófsins gefa til kynna hvar nemandi stendur í samanburði við nemendur í sama árgangi eða bekk í einstökum þáttum stærðfræðinnar. Umsjónarkennarar rýndu í niðurstöður ásamt námsráðgjafa og í framhaldi af því var unnið að því að laga þau atriði þar sem þekkingu var ábótavant. Sem dæmi má nefna að styrkja nemendur í að staðsetja kommur rétt, huga betur að formerkjum, draga ekki hærri tölu frá lægri burtséð frá staðsetningu og fleira.

Samkvæmt Skólapúlssi nemenda er þrautseigja nemenda marktækt undir landsmeðaltali svo og trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu, og veldur það nokkrum áhyggjum. Ljóst er að skólinn þarf að nýta leiðsagnarnám enn frekar, með áherslu á að nýta styrkleika hvers og eins.

Tengsl og samstarf við nemendur og á milli nemenda

Niðurstöður Skólapúlsins eru nokkuð á pari við landsmeðaltal með nokkrum undantekningum. Það vantar aðeins upp á landsmeðaltal varðandi ánægju af lestri, áhuga á stærðfræði, trú á eigin vinnubrögð í námi, tíðni leiðsagnarmats, samband nemenda við kennara og aga í tímum. Frávikin eru ekki mikil, en þó ástæða til að bregðast við þeim niðurstöðum. Þessar niðurstöður eru ekki alveg í takti við svörun foreldra (sjá myndrit hér að framan), sem eru heldur ánægðari en nemendurnir sjálfir.

Tíðni eineltis er 9,3% yfir landsmeðaltali samkvæmt Skólapúlsi nemenda. Þetta kemur fram í öllum árgöngum 6. – 10. bekkjar, mest þó í 8. bekk. Þar var gripið inn í með sjálfstyrkingarnámskeiði listmeðferðarfræðings ásamt markvissri vinnu kennara. Vandamálið er þekkt að nokkru leyti í þessum hópi og er í vinnslu og verður það áfram.

Á skólaárinu tók eineltisteymi við 5 tilkynningum um einelti. Eineltisáætlun skólans var virkjuð í hverju tilfelli fyrir sig og unnið eftir henni. Í kjölfar tilkynninga var fundað í teyminu og öllum málum vísað í frekari úrvinnslu hjá viðkomandi umsjónarkennurum. Öll þessi mál voru unnin áfram inni í bekkjum og verður staðan tekin á þeim aftur strax í upphafi næsta skólaárs.

Tengslakannanir eru tæki til að kanna félagatengsl nemenda og fá þannig mynd af félagslegum tengslum í bekk og/eða árgöngum. Slíkar kannanir geta gefið vísbendingar um félagslega stöðu, vinsældir, höfnun, trygg sambönd, einelti og fleira. Þegar niðurstöður liggja fyrir er mikilvægt að grípa til aðgerða sem miða að því að bæta og auka tengsl einstaklinga í hópnum. Tengslakannanir voru gerðar innan allra bekkjardeilda utan 10. bekkjar. Gerð var undanþága frá fyrirlögn í þeim árgangi vegna anna nemenda og starfsfólks. Umsjónarkennarar lögðu fyrir allar kannanirnar og unnu úr þeim. Þeir skoðuðu mál betur og unnu að úrbótum ef þörf var á.

Upplýsingamiðlun og samskipti

Mikil áhersla er á upplýsingamiðlun starfsfólks og er Avia og tölvupóstur okkar vettvangur. Að auki eru skjár á kaffistofu með upplýsingum dagsins, auk þess sem þær eru settar inn á Avia tímanlega á hverjum morgni.

Hvað nemendur varðar eru 2 skjáir á göngum, sem uppfærðir eru fyrir skólabyrjun á hverjum morgni. Þar koma fram allar upplýsingar dagsins s.s. matseðill, viðvera skólahjúkrunarfræðinga, forföll, reglur og fleira uppáfallandi í skólastarfinu.

Samkvæmt foreldrakönnun er aðgengi að upplýsingum um skólastarfið fullnægjandi. InfoMentor er það kerfi sem notað er fyrir námslegar upplýsingar fyrir nemendur og foreldra. Aðrar upplýsingaveitir eru tölvupóstur, heimasíða skólans og Facebook síða skólans og Instagram reikningur. Ný heimasíða hefur verið í



vinnslu í vetur, þar sem allir grunnskólar Ísafjarðarbæjar verða undir einum hatti. Stefnt er að opnun þeirra á næstu vikum <https://grunnskolar.isafjardarbaer.is/grisa>

Mannauðsstjórnun

Í vetur voru starfandi 41 kennari, þar af 32 með réttindi eða 78%. 8 af þeim 9 sem ekki eru með réttindi eru í kennsluréttindanámi.

Samkvæmt starfsmannaviðtölum sem allir starfsmenn fengu hjá sínum næstu yfirmönnum, var almenn ánægja í starfi, en kallað eftir því að allir gangi í takt varðandi reglur og vinnubrögð almennt.

Stjórnendum var fjölgað í haust, þar sem við bættist deildarstjóri yngsta stigs, sem var í höndum aðstoðarskólastjóra/deildarstjóra miðstigs áður. Með því hefur þjónusta við kennara aukist og orðið markvissari, t.d. með fundum þar sem deildarstjórar hittu kennarateymi og tóku stöðuna. Verkaskipting stjórnenda er nokkuð skýr þar sem hver og einn hefur sitt aldursstig og stoðþjónusta er í höndum deildarstjóra stoðþjónustu. Stjórnendur eru mjög aðgengilegir og í vetur voru mjög lítil forföll í þeirra hópi. Reynt er að senda einn stjórnanda á stjórnendanámskeið á hverju ári og sat skólastjóri slíkt námskeið í vetur. Hagsmunir og réttindi starfsfólks eru virt og reynt er að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti.

Heilsa starfsfólks er mikilvæg og eru starfsmenn m.a. hvattir til að nýta sér íþróttastyrk bæjarins. Þá var boðið upp á ávexti einu sinni í viku og vonandi verður framhald þar á, enda mjög mikil ánægja með það framtak. Stjórnendur hafa nú skráð skólann í verkefnið Heilsueflandi skóli, þar sem við nýtum þau verkfæri sem þar eru til að efla heilsu nemenda og starfsfólks með ýmsum hætti.

Boðið er upp á námskeið fyrir kennara og aðra starfsmenn á hverju hausti og einnig er hægt að nálgast fjöldann allan af námskeiðum í gegnum Academias á Avia. Þau námskeið er hægt að taka hvenær sem er á netinu.

Samkvæmt Skólapúlси starfsmanna hafa orðið nokkrar jákvæðar breytingar frá fyrri Skólapúlси. Starfsandi hefur batnað, sem og ánægja með vinnuaðstöðu, skuldbinding til vinnustaðarins, faglegur stuðningur skólastjórnenda við kennara, samráð um kennslu, samvinna um kennslu, stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda, trú kennara skólans á eigin getu og upplýsingamiðlun til foreldra.

Starfsfólki finnst þó vinnuálag hafa aukist, skýrleiki hlutverks minnkað, ágreiningur um hlutverk aukist og jákvæðar áskoranir í starfi minnkað. Kennarar kalla eftir meiri stuðningi við þau vandamál sem upp koma hverju sinni varðandi nám og aga.

Öryggisnefnd skólans fundaði 17.mars 2026 og fór yfir Vinnuumhverfisvísi og Áætlun um heilbrigði og öryggi á vinnustað til að senda til Vinnueftirlitsins.

Vinnuaðstaða starfsmanna hefur verið bætt með hljóðdempandi plötum á kaffistofu og í matsal nú á vordögum. Einnig fengu allir kennarar fartölvur til umráða, sem var vel tekið. Þá hefur símenntun aukist á milli ára og er nú 7,2% yfir landsmeðaltali.

Öllu starfsfólki var boðið upp á að taka þátt í mótun menntastefnu Ísafjarðarbæjar. Að auki mættu allir kennarar á Menntaþing Vestfjarða á vordögum.

Skipulag skólastarfsins

Veturinn 2024-2025 ákvað fræðslunefnd að seinka skóladegi hjá unglingastigi um 40 mínútur og átti það að vera tilraunaverkefni til eins árs. Ýmsir kostir og gallar voru við þá breytingu. Þegar á leið var send könnun á foreldra og vildu 40,2% halda seinkuninni áfram, en 59,8% færa skólabyrjun aftur til kl. 8:00. Á þessu skólaári hófst skóladagurinn því kl. 8:00 hjá öllum nemendum.

Ánægja með styttingu vinnuviku er 2,6% undir landsmeðaltali hjá okkur og hefur minnkað á milli ára. Öllum starfsmönnum er gefinn kostur á að taka út sína vinnustyttingu á föstudögum og ljúka þá störfum kl. 14:00. Þetta mælist vel fyrir hjá öllum nema kennurum, en aðeins er 6,2% kennara skólans ánægðir með styttingu vinnuvikunnar. Fara þarf betur yfir vinnuskil með kennurum að hausti.


Farsæld barna

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr.86, 2021) tóku gildi 1.janúar 2022 en gert er ráð fyrir fimm ára innleiðingarferli. Innleiðingarteymi Ísafjarðarbæjar hefur lagt áherslu á sameiginlega sýn, þróun verklags, fræðslu og stuðning við tengiliði og málstjóra. Á þessu skólaári var samþætt þjónusta út frá farsældarlögum 12,4% í grunnskólum Ísafjarðarbæjar.

Í Grunnskólanum á Ísafirði eru nú 63 virk mál og 9 tengiliðir farsældar sem annast þau mál hér innanhúss.

64,7% nemenda í 6.-10.bekk nýta sér mötuneyti skólans samkvæmt niðurstöður Skólapúlsins. Landsmeðaltal er 75%. Þrátt fyrir það hefur ánægja með mötuneytið aukist um 4,7% frá fyrra ári.

Nemendur unglingastigs GÍ voru fjarverandi samtals 3228 daga skólaárið 2025-2026 sem þýðir að hver nemandi hafi verið fjarverandi rúmlega 22 daga á skólaárinu, á móti 24 dögum skólaárið 2024-2025. Nemendur unglingastigs GÍ í vetur voru 144 talsins.



8. Samantekt og umbótaáætlun

Greining gagna bendir til að helstu styrkleikar í skólastarfinu séu þessir helstir:

- Aðgengi að upplýsingum er gott
- Símenntunardagar kennara eru nokkuð yfir landsmeðaltali
- Trú kennara á eigin getu hefur aukist og er aðeins yfir landsmeðaltali
- Ánægja með vinnuaðstöðu hefur aukist á milli ára
- Sjálfsálit nemenda, stjórn á eigin lífi og vellíðan hefur aðeins aukist
- Gæði kennslu eru góð

Tækifæri til umbóta eru þessi helst:

- Námsárangur í íslensku og stærðfræði er aðeins undir landsmeðaltali
- Tíðni eineltis er yfir landsmeðaltali og greinilegt að nokkur mál eru ótilkynnt til skólans
- Nýting mótuneytis er 5% undir landsmeðaltali en hefur þó aukist á milli ára um 4,7%
- Þörf er á meiri stuðningi við kennara varðand erfið mál
- Þrautseigja nemenda er undir landsmeðaltali

Innra mat skólaársins 2025-2026 hefur veitt mikilvæga innsýn í starfsemi skólans og styrkt faglegan grundvöll ákvarðanatöku. Með markvissri gagnaöflun og greiningu hefur skapast traustur grundvöllur fyrir áframhaldandi þróun og umbætur. Skólinn mun áfram vinna samkvæmt langtímaáætlun innra mats og tryggja að niðurstöður matsins séu virkt verkfæri í daglegu starfi, stefnumótun og gæðastjórnun.

Á grundvelli niðurstaðna hefur verið mótuð umbótaáætlun sem tekur til þeirra þátta sem þarfnast frekari þróunar. Fyrir hvern umbótapátt hafa verið skilgreind skýr markmið, ábyrgðaraðilar, tímarammi og mælikvarðar á árangur. Umbótaáætlunin verður innleidd á skólaárinu 2026-2027 og reglulega fylgt eftir af stjórnendum og gæðateymi. Framvinda verður metin með skipulögðum hætti og niðurstöður nýttar við endurskoðun næstu matsáætlunar.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2026-2027

Umbótapáttur	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Hvenær lokið	Ábyrgð	Endurmat, hvernig	Viðmið um árangur
Mötuneyti	Að fjölga þeim nemendum sem nýta sér það	Nýbreytni á matseðlum og halda áfram að auglýsa mötuneytið upp með myndum. Innleiðing Heilsueflandi skóla þarf að styrkja mötuneytið.	Vor 2027	Matráður og skólastjórnendur	Skólapúls nemenda	Fjölgun nemenda sem nýta mötuneytið
Leiðsagnarmat	Að virkja betur leiðsagnarmat í kennslu til að efla þrautseigju	Eftirfylgni inni í bekkjum þar sem leiðsagnarmat nýtist nemendum til betri árangurs og uppbyggingar	Vor 2027	Skólastjórnendur og kennarar	Skólapúls nemenda (tíðni leiðsagnarmats)	Landsmeðaltal í skólapúlsi
Stuðningur við kennara	Að auka stuðning við kennara og valdefla þá	Innlit – nýtt form starfsmannasamtala. Kennsluráðgjöf verði nýtt frá skóla- og tómstundasviði	Vor 2028	Skólastjórnendur	Starfsánægjukönnun Skólapúlsins vor 2028.	Aukin starfsánægja hjá kennurum
Tíðni eineltis	Að minnka einelti eins og hægt er og ná til allra sem upplifa einelti	Ræða við nemendur um að tilkynna einelti til umsjónarkennara, sem kemur úrvinnslu í farveg	Vor 2027	Stjórnendur, kennarar og eineltisvarnateymi	Skólapúls nemenda	Tíðni eineltis lækki frá fyrra ári.
Námsmat og námsárangur	Gegnsærra og virkara námsmat í Mentor.	Kennarar skrái námsmat jafnt og þétt yfir veturinn.	Vor 2027	Skólastjórnendur og kennarar	Matsferill og Skólapúls	Landsmeðaltal (mælitala 10) í Matsferli

